

Fylgiskjal nr. 3.

15.2.6 Skjalahrúgur

Til eru sveitarfélög, þar sem skjölin eru nær algjörlega óskipulögð hrúga í geymslu. Oft eru þetta skjöl sem hafa safnast upp svo áratugum skiptir og samkvæmt lögum jafnvel löngu orðin skilaskyld til viðkomandi héraðsskjalasafns eða Þjóðskjalasafns.

Það er augljóst að skjöl, sem varðveitt eru með þessum hætti, eru engum til gagns og eru þá ekki sú aðgengilega heimild um sögu og réttindi íbúa og sveitarfélags, sem þau eiga að vera.

Til þess að bæta úr þessu, þannig að úr verði aðgengileg, skipulögð skjalasöfn, geta sveitarfélög brugðist við með tvennum hætti:

1. Fengið hæfan starfsmann til þess að ganga frá safninu samkvæmt meðfylgjandi leiðbeiningum um frágang skjala sveitarfélaga og gerð geymsluskrár, sjá fylgiskjal á bls. 99-111. Mikilvægt er að verkið sé unnið í samstarfi við viðkomandi héraðsskjalasafn eða Þjóðskjalasafn sem veita einnig ráðgjöf og aðstoð.
2. Skjalaverðir héraðsskjalasafna eða Þjóðskjalasafns meta kostnað við frágang safnsins, sem m.a. felur í sér umbúðakostnað og vinnulaun starfsmanns við verkið. Skjalahrúgan er síðan flutt á viðkomandi héraðsskjalasafn eða Þjóðskjalasafn, verkið unnið á ábyrgð safnsins, en kostnaður greiddur af sveitarfélaginu.

15.2.7 Aðgangur að pappírsskjölum sem hafa verið afhent til héraðsskjalasafns/Þjóðskjalasafns

Sveitarfélög og stofnanir þeirra hafa rétt á að fá lánuð skjöl eða fá afrit skjala sem þau hafa afhent héraðsskjalasafni / Þjóðskjalasafni og þurfa að nota við störf sín, sbr. 8. gr. laga nr. 66/1985 um Þjóðskjalasafn Íslands og 11. gr. reglugerðar um héraðsskjalasafn nr. 283/1994.

Um aðgang almennings að skjölum sveitarfélags eða stofnana sveitarfélaga, sem hafa verið afhent til héraðsskjalasafns / Þjóðskjalasafns, reynir yfirleitt á ákvæði upplýsingalaga nr. 50/1996. Í 20. gr. þeirra laga segir að þegar skjöl hafi verið afhent Þjóðskjalasafni eða öðru opinberu skjalasafni (héraðsskjalasafni) skuli hlutaðeigandi safn taka ákvörðun um aðgang að umbeðnum gögnum.

Önnur lög er varða upplýsingarétt að skjölum sveitarfélaga sem hafa verið afhent til héraðsskjalasafns / Þjóðskjalasafns kunna að eiga við. Á bls. 64-66 er fjallað um opinber skjöl og rétt til aðgangs.

15.3 Rafræn skjöl

15.3.1 Rafræn skjalavörslukerfi og gagnagrunnar

Sveitarfélög og stofnanir þeirra, sem hafa fengið heimild til notkunar á rafrænum skjalavörslukerfum, eiga að afhenda gögn úr kerfunum til viðkomandi héraðsskjalasafns eða Þjóðskjalasafns Íslands. Að sama skapi skulu þau afhenda gögn úr rafrænum gagnagrunnum sem hafa verið tilkynntir til viðkomandi héraðsskjalasafns eða Þjóðskjalasafns og tekin hefur verið ákvörðun um að varðveita.

15.3.2 Vörsluútgáfa

Varðveisla rafrænna gagna er á þann hátt að einungis eru varðveitt gögn úr rafrænum